




Gluggar/dyr eru númeruð á grunn- og útlitsmyndum í mkv. 1:50.

Efnisval vinnuvöndun og fúavörn skv. ÍST 41.

Glugga- og hurðateikningar og verklýsing eru ekki tæmandi.
Tekið er á aðalatriðum, en að öðru leyti er vísað til viðurkenndra hefðbundinna aðferða og staðla.

Glugga skal smíða úr valinni furu.
Ekki skal fræsa í innbrúnir prófíla,- mátulega skarpar brúnir, ekkert aula-barok !!!!!

Opnanleg fög og hurðir skal smíða úr oregon pine.
Setja skal þéttilista í öll opnanleg fög.

Á opnanleg fög skal setja búnað sem getur haldið glugga þétt lokuðum eða opnum í margbreytilegri stöðu og í honum skal vera viðurkennd barnalæsing.
Í björgunaropum er viðeigandi sérbúnaður sem eldvarnareftirlit samþykkir.

Á hurðir skal setja a.m.k. 3 vandaðar lamir sem hæfa stærð og þyngd hurðanna og í þær skal setja vandaðar 3ja punkta læsingar.
D1 er með hún að innan og utan, læsing er opnuð með lykli að utan og snerli að innan. Í G8 eru tvær hurðir og og opnast báðar út.
Hægri hurð er ríluð föst að ofan og neðan. Vinstri hurð læsist í þá hægri (3ja punkta læsing). Læsing er aðein opnanleg að innan með húni.
Yfirfelldur listi að utan og innan.

Setja skal tvöfalt gler í alla glugga og hurðir, k-gler.

Miða skal við a.m.k. 5 ára ábyrgð á tvöföldu gleri.
Gler skal setja í glugga í samræmi við fyrirmæli glerframleiðanda.

Gluggar og dyrakarmar sitja yst í útvegg, fest í frégrind með 10 mm galvanhúðuðum stálboltum, m/m 600 mm. Boltum er sökkt í karma og sponsað yfir. Þétt er í fúgur með þartilætluðu frauðefni eða olíutróði. Að utan og innan er viðeigandi þéttistrimill og kíttað yfir með þankítti. Að ofan er áfella sem þéttuð er bak við ytri klæðningu og nær út yfir karm. Undir glugga er sólbekkur úr áli sem veitir vatni út fyrir ytri klæðningu.

Gluggar og hurðir eru fúavarin – þrýstivarin – skv. staðli. Borin er yfir lítt þekjandi viðarvörn í "náttúrulit",- nánara litaval í samráði við arkitekt.
Að innan er lakkað með glæru lakki.

Á opnanlegum fögum er búnaður sem getur haldið þeim föstum í breytilegri stöðu.

Tvöfalt gler er í gluggum,- k-gler.

Um þakglugga gilda ofanskráð atriði eftir því sem við getur átt.
Honum fylgja þartilætlaðir fylgihlutir sem falla að þakstáli.
Ath. að þakgluggi er jafnframt björgunarop.

| ein. nr. | fjöldi | sérkenni |
|---|---|---|
| 1 | 1 stk. | björgunarop |
| 2 | 1 stk. | |
| 3 | 2 stk. | björgunarop |
| 4 | 2 stk. | |
| 5 | 1 stk. | |
| 6 | 1 stk. | |
| 7 | 1 stk. | |
| 8 | 1 stk. | tvöföld hurð, út hægri / út vinstri |
| 9 | 1 stk. | |
| 10 | 1 stk. | * gkuggi í geymsluskúr,- mhl 02 |
| D1 | 3 stk. | útidyr,- 2 stk. út hægri**, 1 stk. út vinstri |
| Þ1 | 1 stk. | þakgluggi, björgunarop,- stöðluð framl. m. fylgihl. |

** þar af 1 stk. í geymsluskúr,- mhl 02

| | | |
|---|---|---|
| SUMARHÚS<br>Skeiðháholt 2, lóð 01<br>gluggateikning | H. GeSÓ<br>M. 1:20 (A2)<br>D. 23.02.2009 | Nr. shh-A03<br>útg. 12.05.'09 |

Gunnar S. Óskarsson arkitekt FAÍ kt 180544 4299
Teiknistofa GSÓ ehf Laugavegi 8 101 Reykjavík kt 420502 2140
Vinnustofa Grettisgötu 3a s 551 7980 f 551 7989 netfang geso@simnet.is